

krónur — með vöxtum 5 af hundraði frá 6. ágúst-  
mán. 1888 unz borgað er, og 325 kr. í málskostnað,  
hvorttveggja innan 8 vikna frá lögbirtingu  
dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 1. júlímán.

Nr. 15 1889

B. H. Bjarnason

gegn

Magnúsi Þórarinssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað af áfrýjandanum, fyrrum kaup-  
manni B. H. Bjarnasyni í Reykjavík, fyrir gestarjetti  
Kjósar- og Gullbringusýslu, með stefnu dags. 11. júní  
f. á., gegn stefnda, Magnúsi bónda Þórarinssyni á Mið-  
húsum í Gardi, til lúkningar verzlunarskuld, að eptir-  
stöðvum 320 kr. 71 e., og var það dæmt í nefnd-  
um rjetti 27. okt. f. á., þannig, að ef stefndi treysti  
sjer til að synja fyrir það með eiði, að tiltekin skuldar-  
upphæð hefði staðið í skuldabryggi, er hann útgaf til á-  
frýjanda 13. okt. 1886, þá er hann skrifaði undir það,  
skyldi hann greiða áfrýjanda 20 kr. 11 a. með 5%  
vöxtum frá 11. júní f. á. til borgunardags og máls-  
kostnaður þá falla niður, en að öðrum kosti skyldi hann  
greiða áfrýjanda alla hina umstefndu skuld, 320 kr. 71  
e., auk vaxta, og 20 kr. í málskostnað.

Áfrýjandi hefur krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að  
stefndi verði skilyrðislaust dæmdur til að greiða sjer  
320 kr. 71 e. með 5% vöxtum frá 11. júní f. á. til  
borgunardags og málskostnað fyrir undir- og yfirdómi  
eptir mati rjettarins, en stefndi hefur aptur á móti

krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sjer tildæmdur allur málskostnaður fyrir yfirdómi með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Áfrýjandinn lagði fram við fyrsta rjettarhald í málinu fyrir gestarjettinum til stuðnings kröfu sinni skuldabrjef, dags. 13. okt. 1886, og lofar stefndi, sem hafði verið í reikningi við verzlun áfrýjanda þá í nokkur ár og þann dag fjekk síðustu úttekt sína við verzlunina það ár, í brjefi þessu að greiða áfrýjandanum «það er hann í dag tekur út ásamt gömlu skuldinni, til samans 486 kr. 16 a.» innan tiltekins tíma árið eptir. Sömu leiðis lagði áfrýjandi við sama rjettarhald fram reikning, sem í samræmi við nefnt skuldabrjef telur skuld stefnda við byrjun ársins 1887 486 kr. 16 a., en þar eru auk þess tilgreindar ýmsar greiðslur á árinu, svo að skuldin er eptir reikningnum komin niður í upphæð þá, er áfrýjandi krefst í þessu máli borgunar á. Stefndi hóf nú eigi í fyrsta tilsvari sínu nein mótmæli gegn hinu framlagða skuldabrjefi eða innihaldi þess, og verður því eigi, gegn mótmælum áfrýjandans, tekið neitt tillit til þess, þó að hann síðar bæri það fram, að engin tiltekin skuldarupphæð hefði í því staðið, þá er hann undirskrifaði það, og að orðunum «til samans 486 kr. 16 a.», sem eru milli lína í brjefinu, hefði verið bætt inn í það síðar án vilja síns og vitundar. Samkvæmt þessu verður að álíta upphæð skuldabrjefsins viðurkennda skuld stefnda til áfrýjanda þann 13. okt. 1886, og útásetningar þær, er stefndi hefur gjört í málinu út á verzlunarreikning sinn hjá áfrýjanda fyrir þann tíma, verða því að álítast þar með fallnar. Og þar sem stefndi hefur krafizt endurgjalds hjá áfrýjanda til niðurfærslu á skuld sinni í ýmsum atriðum, sem virðast stafa,

að minnsta kosti að nokkru leyti, frá tímanum eptir 13. okt. 1886, þá eru kröfur þær sumpart ósannaðar og sumpart of seint framkomnar til þess að þær gegn mótmælum áfrýjanda verði teknar til greina.

Það ber því að dæma stefnda til að greiða sækjandanum alla hina umstefndu skuld, 320 kr. 71 e., ásamt 5% vöxtum frá stefnudagsetningardegi til borgunardags.

Stefndi virðist eptir þessum úrslitum málsins eiga að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir undir- og yfir-dómi, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Stefndi, Magnús Þórarinsson, á að greiða áfrýjanda, B. H. Bjarnasyni, 320 kr. 71 e. með 5% vöxtum frá 11. júní 1888 til borgunardags, og málskostnað með 30 kr. Hið ídæmda lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 14/1889

B. H. Bjarnason  
gegn  
Magnúsi Stefánssyni.

D ó m u r :

Áfrýjandinn, kaupmaður B. H. Bjarnason, hefur höfðað mál þetta gegn hinum stefnda, Magnúsi bónda Stefánssyni, út af verzlunarskuld, að upphæð 94 kr. 34 a., og var það dæmt í gestarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 27. okt. f. á., með þeim úrslitum, að hinn stefndi skyldi greiða áfrýjanda af hinni umstefndu